

Stjórnarfundur haldinn á Búgarði fimmtudaginn 21. febrúar 2013 kl. 20:00

Mættir eru:

Óskar Þór, Einar, Þorsteinn, Kristlaug, Þorgerður, Guðrún, Edda Kamilla, Svanbjört.

Boðuð forföll:

Kristín.

Fundur númer 718.

Óskar setti fundinn kl. 20:00

1. Innsend bréf

24. Janúar – bréf frá Birki Erni Stefánssyni fyrir hönd föður síns, Stefáns Sveinbjarnasonar þar sem hann sækist eftir því að verða leystur frá störfum sem formaður Bridgenefndar. Frestað fram yfir þing.

Bréf frá UMFÍ - Auglýst eftir umsóknum fyrir 5. Landsmóts UMFÍ 50+

Bréf frá UMFÍ – Auglýst er eftir umsóknum fyrir 19. Unglingalandsmót 2016

Bréf frá UMFÍ – auglýst er eftir umsóknum fyrir 28. Landsmót UMFÍ 2017 og 29. Landsmót UMFÍ 2021.

4. janúar – boð á íþróttþing ÍSÍ sem haldið verður 19. til 20. apríl 2013.

29. Janúar 2013 – bréf frá ÍSÍ, fulltrúafjöldi á íþróttþing ÍSÍ 19. – 20. apríl 2013 – samkvæmt því eignum við einn fulltrúa.

24. Janúar 2013 – bréf frá UMFÍ, þar sem að tillögur sem að samþykktar voru á sambandsráðsfundinum í Kirkjubæjarklaustri eru kynntar.

23. janúar – Þingboð á körfuknattleiksþing 16. og 17. Mars nk.

Ódagsett – kjörbréf á körfuknattleiksþingið.

14. janúar, áframsent í tölvupósti frá Lindu Laufdal – vegna umfjöllunar fjölmiðla vegna kynferðisafbrotu gegn börnum. Efni um viðbragðsáætlun og hvert eigi að leita ef að upp kemst um kynferðisofbeldi eða einhvers konar ofbeldi gegn börnum. Hjá Blátt áfram kemur fram hvert hægt sé að leita.

Lífshlaupið – sem hófst 6. febrúar, umfjöllun um lífshlaupið og hvað sé í gangi hvað því tengist. Sent frá ÍSÍ

Bréf frá Sigurði Guðmundssyni þar sem hann auglýsir Landsmót 50+ sem haldið verður í Vík í Mýrdal.

15. febrúar 2013 - Bréf frá Íþrótt og ólympíusambandi Íslands – Framboð til framkvæmdarstjórnar ÍSÍ.

15. febrúar frá Svalbarðsstrandarhrepp – svarbréf vegna styrktarbeiðni vegna Árspingsins sem haldið verður í Valsárskóla 16. mars nk. Svalbarðsstrandarhreppur samþykkir að veita UMSE styrk upp á 50.000.-kr.

2. Styrkumsóknir

Umsókn vegna þjálfaranámskeiðs – Eir Starradóttir sækir um styrk til að sækja þjálfaranámskeið, annað stig. Samþykkt að styrkja hana um 15.000.- kr.

Styrkumsókn vegna Gautaborgarferðar – 15 einstaklingar sem að eru að fara. Samþykkt að styrkja per einstakling um 15.000.- kr styrk.

Styrkumsókn frá Skíðafélagi Dalvíkur – óskað er eftir ferðastyrk vegna ferða á mót, 7 einstaklingar í Oddskarð og 3 á Ísafjörð. Samþykkt að styrkja per einstakling um 15.000.- kr.

3. Ánægjuvogin – frestað fram yfir þing.

4. Breytingar á framkvæmdarstjórn UMFI  
Sagt var frá breytingum sem að gerðar voru á framkvæmdarstjórn UMFI á stjórnarfundum 1. til 2. febrúar 2013.  
Senda á bréf á stjórnina og biðja um rökstuðning á breytingunum sem gerðar voru.
5. Formannafundur  
Fundargerðin er ekki alveg klár, léleg mæting var á fundinum en þó virk þátttaka á fundinum af þeim sem mættu.
6. Ársþing  
Þorsteinn er búinn að senda út fyrra þingboð, þar sem að sagt er frá staðsetningu og óskað er eftir tillögum, viðurkenningarhöfum og að þingið sé öllum að kostnaðarlausu.
  - a. Viðurkenningar  
Hugmyndir af viðurkenningum; poncho eða handklæði merkt UMSE. Guðrún ætlar að athuga með handklæðin.  
Þeir sem að eru tilnefndir fá viðurkenningu og sá sem að sigrar fær farandbikar – Þorsteinn ætlar að athuga með það.  
Panta þarf blóm – Þorsteinn ætlar að athuga með það.
    - i. Til íþróttamanns UMSE
    - ii. Vegna árangurs í íþróttum
    - iii. Heiðursviðurkenningar
  - b. Tillögur  
Það þarf að skoða eitthvað reglugerðina fyrir afreksmannasjóðinn – gott ef að hver og einn skoðar reglugerðina og sendi ábendingar á Óskar.  
Lottóúthlutunina á að endurskoða á þinginu.
  - c. Reglugerðarbreytingar
  - d. Lagabreytingar  
Gerðar voru athugasemdir af hálfu ÍSÍ um lög sem að voru samþykkt á síðasta þingi, var ekki atriði sem að skipti neinu stórvægilegu máli – þarf bara að laga það á næsta þingi.  
Fyrir mánudaginn er fínt að vera búin að renna yfir reglugerðina og lög. Ef eitthvað stingur að senda á stjórnina athugasemd.
  - e. Veitingar  
Verið er að athuga með veitingarnar.
    - i. Hádegisverður  
Súpa og brauð – 1800 kr.
    - ii. Kaffisamsæti.  
1400 kr. fyrir manninn.Heyra á í Starra áður en ákvörðun verður tekin.  
Óskar ætlar að athuga hvort að hægt sé að fá einhversstaðar styrk vegna hádegisverðsins. Einnig ætlar hann að tala við Starra vegna veitinganna.  
Þorsteinn ætlar að sjá um ársskýrsluna.
7. Stefnumótun – frestað
8. Aðildarumsókn.  
Búið er að stofna nýtt félag út á Dalvík sem að heitir Grjótglímufélagið. Búið er að sækja formlega um aðild að UMSE og fylgdu með lög þeirra og félagskrá. Þorsteinn sendi lög þeirra áfram til ÍSÍ.  
Sent til kynningar á stjórn sem ætlar að kynna sér þetta fyrir næsta fund.  
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

9. Önnur mál

Vegna Gautaborgarferðarinnar, þarf að vera farastjóri og þjálfari. Búið er að finna þjálfara, Birkir ætlar að taka það að sér, en ekki alveg búið að fastsetja fararstjóra, að öllum líkindum verður Þorgerður annar fararstjórinn og Guðrún hinn. Spurning hvort að UMSE vilji borga fyrir fararstjóra og þjálfara eða einn og hálfan fararstjóra. Vegna stærðar hópsins er betra að hafa tvo fararstjóra.

Guðrún og Þorgerður vikju af fundi á meðan afgreiðslu stóð.

Samþykkt að borgar fullt fargjald fyrir þjálfara og tvo fararstjóra.

Þegar jólamót Umf. Samherja var haldið þá fóru þeir krakkar sem að voru að fara á Gautaborgarleikana að safna styrkjum og varð úr að mótið varð einskonar firmakeppni. Allt það sem að safnaðist var merkt Gautaborgarleikunum. Nú hefur komið upp sú staða að tveir eru dottnir úr, spurningin er sú hvort að þessir einstaklingar eiga að fá peninginn sem að ætti að koma í þeirra hlut borgað út eða hvort hann ætti að deilast á hina sem að eru að fara. Einróma álit stjórnar þeir peningar sem fjáraflað er í nafni UMSE til tiltekinn verkefna skuli ekki renna til einstaklinga sem að fjáröfluninni stóðu, hætti þeir við þátttöku í verkefninu. Peningarnir skulu skiptast jafnt til þeirra einstaklinga sem þátt tóku í viðkomandi fjáröflun.

Gott að skoða fyrir næstu jól að nota fjáröflunina sem að hlýst af því að selja jólapappírinn að nota þá upphæð til að setja í sjóð vegna rútukostnaðar, þátttökugjalda og þess háttar.

Rúta er að fara á morgun með krakka frá UMSE suður í keppnisferð, staðan er þannig að fararstjóri okkar fólks er staddur í Reykjavík og því enginn fararstjóri í bílnum. UFA er að borga fyrir þjálfara og tvo aðstoðarþjálfara. Þorsteinn óskar eftir leyfi til að borga hlut undir aðstoðarþjálfara.

10. Næsti fundur ákveðinn 27. febrúar 2013 kl. 20:00

Óskar ætlar að koma með veitingar.

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður